



# FUNDARGERÐ

255. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í fundarsal HEF að Einhleypingi 1 í Fellabæ fimmtudaginn 28. mars 2019 kl. 12:00.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Björg Björnsdóttir, Skúli Björnsson, varamaður og Páll Breiðfjörð Pálsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Jón Steinar Garðarsson Mýrdal.

## Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum
2. Stofnun gagnaveitu HEF  
Tillaga um stofnun gagnaveitu HEF á Fljótsdalshéraði samkvæmt bókun aðalfundar.
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

## 1. Stjórn skiptir með sér verkum

*Tillaga um skipan stjórnar.*

Formaður: Gunnar Jónsson

Varaformaður: Ágústa Björnsdóttir

Ritari: Gunnhildur Ingvarsdóttir

Vararitari: Björg Björnsdóttir

Meðstjórnandi: Jón Steinar Garðarsson Mýrdal

Samþykkt samhljóða.

## 2. Stofnun gagnaveitu HEF

**Tillaga um stofnun Gagnaveitu HEF á Fljótsdalshéraði samkvæmt bókun aðalfundar**

*“Eftirfarandi bókun var gerð á aðalfundi:*

Aðalfundur samþykkir að stjórn veitunnar verði falið að vinna að málum tengdum ljósleiðaravæðingu í dreifbýli í samræmi við bókun bæjarstjórnar 20. mars 2019.”

Eftirfarandi tillaga lögð fram á fundinum:

Stjórn HEF leggur til að samþykktum félagsins verði breytt á hluthafafundi, þannig að starfsemi félagsins nái jafnframt utan um verkefni ljósleiðaravæðingu í dreifbýli sveitarfélagsins og að meðal verkefna félagsins verði rekstur gagnaveitu á Fljótsdalshéraði, til viðbótar við núverandi verkefni (vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu).

Samþykkt samhljóða.

Stjórn mun boða til hluthafafundar þar sem ofangreind tillaga verður tekin fyrir og drög að uppfærðum samþykktum lögð fram.

### **Drög að ódagsettum samstarfssamningi milli Fljótsdalshéraðs og HEF vegna verkefnisins Ísland ljóstengt.**

Framkvæmdastjóra falið að fá lögfræðiálit á samstarfssamningnum og fái hann engar athugasemdir varðandi samninginn þá er honum falið að undirrita hann fyrir hönd HEF.

### **3. Önnur mál**

#### a) Fráveituframkvæmdir.

Nokkur umræða var um framkvæmdir fráveitumála.

*Meirihluti (Gunnar Jónsson, Ágústa Björnsdóttir og Gunnhildur Ingvarsdóttir) lagði fram eftirfarandi bókun:*

“Ef horft er til þess hvernig Eyvindará annarsvegar og Lagarfljót hins vegar eru skilgreind sem viðtakar í dag þá er ekki eðlismunur á því hvort skólp rennur óhreinsað í viðtaka í 65%, 55% eða 45% tilfella tímans, eða þá þaðan af minna. Í öllum tilfellum er það óásættanlegt að dæla óhreinsuðu skólpi í framangreinda viðtaka og ekki í samræmi við löggjöf þar um. Á því verður að ráða bót hið fyrsta.

Það er röng túlkun á úrskurði Skipulagsstofnunar um matsskyldu fyrirhugaðra fráveituframkvæmda að niðurstaðan byggi á því að skólp frá Egilsstöðum renni í 65% tilfella óhreinsað í Eyvindará.

Í því ljósi er ekki réttlætanlegt að eyða tíma framkvæmdastjóra HEF eða fjármunum veitunnar, í að fá þetta atriði endurmælt og útreiknað að nýju.

Mikilvæg og stór verkefni eru framundan hjá veitunni sem þarfnast alls mannauðs og fjármuna sem HEF hefur yfir að ráða. Nauðsynlegt er að einbeita sér að þeim verkefnum frekar en að eyða kröftum og tíma í að vera sífellt að efast um ákvarðanir fyrri stjórnar og þá sérstaklega ákvörðun um nýja útrás fráveitunnar. Sú ákvörðun var tekin af fyrri stjórn með öllum greiddum atkvæðum þáverandi stjórnarmanna.

Eðlilegt er að tillögur stjórnarmanna um frekari upplýsingaöflun framkvæmdastjóra eða að keypt verði utanaðkomandi vinna, verði bornar undir atkvæði á stjórnarfundum til samþykktar eða synjunar. Þannig liggja fyrir að slíkt verði ekki gert nema að skýr vilji meirihluta stjórnar standi til þess.”

Fulltrúar L-lista ítreka bókanir frá fyrri fundum og vísa til greinar 4.3 í samþykktum HEF þar sem fram kemur að framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

*Fyrri bókun frá fundi:* “Björg Björnsdóttir óskar eftir að fá gögn sem sýna fram á að skólp fari um yfirfall og framhjá núverandi hreinsistöðvum út í Eyvindará 65% tímans.

Einnig óskar hún eftir að lögð verði fram uppfærð rekstraráætlun fyrir nýja útfærslu á hreinsun frárennslis þar sem tekið er tillit til Fellabæjarskólpsins og mun meiri hreinsunar en fyrri rekstraráætlanir gerðu ráð fyrir.”

Eins og kom fram fyrr á fundinum mun framkvæmdastjóri senda áður umbeðin gögn varðandi rennismælingar sem sýna fram á að skólp fari um yfirfall og framhjá núverandi hreinsistöðvum út í Eyvindará 65% tímans.

#### b) Björg spurði hvernig staðan væri á lóðamálum við lagerhús HEF.

Málið er í vinnslu hjá framkvæmdastjóra.

#### c) Björg spurði um gjaldskrármál stórnotenda.

Framkvæmdastjóri sagði málið í vinnslu og verður það kynnt á næsta fundi.

d) Samningar um lóð undir hreinsivirki. (Gunnar Jónsson vék af fundi undir þessum lið)  
Ágústa og Páll kynntu vinnu sem í gangi er við gagnaöflun.

Næsti fundur verður 11. apríl.

Fundargerðin samþykkt og fundi slitið kl. 14:47.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir.